

Reykjavík, 12. desember 2016

Ágæti réttthafi !

Með bréfi þessu kynnir Birta lífeyrissjóður fyrirkomulag séreignarsparnaðar lífeyrissjóðsins. Eins og kunnugt er varð Birta lífeyrissjóður til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs og tók hann formlega til starfa 1. desember sl.

Í yfirlitinu sem fylgir bréfi þessu sést núverandi séreignarsparnaður þinn og hvernig hann deilist á tiltekna sparnaðarleiðir. Inneignir þann 31. desember 2016 og séreignariðgjöld, sem berast eftir 1. janúar 2017, verða lögð inn á reikninga sparnaðarleiða í samræmi við samning þinn við Sameinaða lífeyrissjóðinn/Stafi lífeyrissjóð með eftirfarandi breytingum:

1. **Innlánsleið Sameinaða lífeyrissjóðsins og leið I, bundinn innlánsreikningur Stafa lífeyrissjóðs** verða **Innlánsleið Birtu**. Fjárfestingarstefna Innlánsleiðar Birtu er hliðstæð þeirri sem innlánsleiðir Sameinaða og Stafa byggðust á, þ.e. lögð er áhersla á verðtryggt bundin innlán.
2. Skuldabréfaleiðirnar, **Aldursleið 4 hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum og leið 2 hjá Stöfum lífeyrissjóði** verða **Skuldabréfaleið Birtu**. Fjárfestingarstefna Skuldabréfaleiðar Birtu er hliðstæð þeirri sem skuldabréfaleiðir Sameinaða og Stafa byggðust á. Fjárfest er nánast eingöngu í skuldabréfum, með megináherslu á verðtryggt skuldabréf trausta útgefenda.
3. Blandaðar leiðir skuldabréfa og hlutabréfa, **Aldursleiðir 1 og 2 hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum og leið 3 hjá Stöfum lífeyrissjóði**, verða **Blönduð leið Birtu**. Í Blandaðri leið Birtu er fjárfest í skuldabréfum og hlutabréfum en markmiðið er að hlutfall eignaflokkanna sé nokkuð jafnt. Hlutfall skuldabréfa og hlutabréfa í sambærilegum sparnaðarleiðum Sameinaða og Stafa rúmast innan fjárfestingarstefnu Blandaðrar leiðar Birtu.
4. **Aldursleið 3 hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum** mun skiptast að jöfnu á tvær sparnaðarleiðir Birtu lífeyrissjóðs til að viðhalda eignum samkvæmt sömu fjárfestingarstefnu og áður. Þannig fara 50% inneignar úr Aldursleið 3 í **Skuldabréfaleið Birtu** og 50% inneignar í **Blandaða leið Birtu**. Iðgjöldum verður framvegis skipt á sama hátt.

Hafir þú athugasemdir eða vilt breyta sparnaðarleið þinni á annan hátt skaltu vinsamlegast upplýsa sjóðinn um það fyrir 28. desember 2016.

Sú breyting, sem leiðir af sameiningu lífeyrissjóðanna í Birtu lífeyrissjóð, hefur að sjálfsögðu engin áhrif á ráðstöfun iðgjalda séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán.

Vakin er athygli á að aldurstengd færsla milli sparnaðarleiða, eins og hægt var að velja innan Aldursleiða hjá Sameinaða lífeyrissjóðum, fellur niður með tilkomu nýrra sparnaðarleiða Birtu lífeyrissjóðs. Eftir sem áður getur réttthafi óskað eftir tilfærslu eigna sinna milli sparnaðarleiða sjóðsins án kostnaðar en þá með skriflegri tilkynningu.

Nánari upplýsingar um þær séreignarsparnaðarleiðir, sem í boði eru hjá Birtu lífeyrissjóði og nefndar eru hér að framan, má nálgast á heimasíðunni, birta.is. Þá eru ráðgjafar sjóðsins ávallt reiðubúnir að upplýsa og veita ráðgjöf við val á sparnaðarleiðum.

Skrifstofa sjóðsins er að Sundagörðum 2, sími 480 7000, netfang birta@birta.is.

Með góðri kveðju,

Starfsfólk Birtu lífeyrissjóðs